



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Minnisblað

Dagsetning: 25. janúar 2021

Höfundar: Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Guðrún Svala Gísladóttir, teymisstjóri félagsþjónustu.

Viðtakandi: Bæjarráð Árborgar

Málsnúmer 2101354

Efni: Minnisblað fjölskyldusviðs vegna móttökusveitarfélags

Félagsmálaráðuneytið hefur leitað til sveitarfélagsins Árborgar um að gerast móttökusveitarfélag við flóttafólk. Nú þegar eru nokkrir einstaklingar að þiggja þjónustu hjá sveitarfélaginu Árborg sem myndu falla innan verkefnisins.

Í sveitarfélaginu Árborg eru í dag rúm 8% íbúa af erlendum uppruna (770 af 9.440 íbúum) og jókst fjöldi einstaklinga af erlendum uppruna í sveitarfélaginu um 430 manns á árunum 2010-2020. Einstaklingar af erlendum uppruna eru í auknum mæli að setjast að í sveitarfélaginu og virðist þar helst spila inn í nálægð við höfuðborgarsvæðið, framboð af ódýru hentugu húsnæði og að margir samlandar búa nú þegar í sveitarfélaginu.

Með gerð þjónustusamnings um sértæka móttöku flóttafólks á milli félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélagsins Árborgar er tækifæri til þekkingarsköpunar hjá sveitarfélaginu, bæði innan félagsþjónustu, skólaþjónustu og öðrum stofnunum. Mikil samvinna verður við aðrar stofnanir sem veita fyrrnefndum hópi þjónustu s.s. Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur. Við þátttöku í verkefninu mun sveitarfélagið eiga fulltrúa í samstarf- og samhæfingarnefnd en því fylgir tækifæri til samstarfs og þekkingaryrífarslu til sveitarfélagsins. Sveitarfélagið getur sótt sér leiðbeiningar og ráðgjöf sem mun leiða að sér frekari þekkingu í málaflokknum innan fjölskyldusviðs Árborgar.

Þjónusta við flóttafólk verður heildstæðari með einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Töluverðar áskoranir verða á móttökusveitarfélagi og ber þar helst að nefna skylda til að útvega notendum húsnæði til leigu meðan á sértækri móttökupjónustu stendur auk viðeigandi húsbúnaðar.

Með því að taka þátt í verkefninu og uppfylla kröfulýsingu sem felur í sér meðal annars að gera ítarlega þjónustuáætlun fyrir viðkomandi þjónustuþega aukast líkur á farsælli aðlögun í samfélagið. Nú þegar hefur orðið til sérhæfð þekking í sveitarfélaginu þar sem það hefur tekið á móti kvótaflóttamönnum og hefur sú þekkingaröflun styrkt sveitarfélagið að takast á við nýtt verkefni.

Undirrituð sjá tækifæri og ávinning við þátttöku í verkefninu þó að því fylgi áskoranir og kostnaðarauki. Vert er þó að benda á að með þátttöku í verkefninu fylgir fjármagn frá ríkinu til greiðslu launkostnaðar við sérhæfðan starfsmann en nú þegar eru flóttamenn sem þiggja þjónustu sveitarfélagsins án greiðsluþátttöku ríkisins í launkostnaði.